

Nd.

654. Breytingartillaga

[107. mál]

við frv. til l. um breyt. á lögum um almannatryggingar, nr. 67/1971, með síðari breytingum.

Frá Jóhönnu Sigurðardóttur, Péttri Sigurðssyni, Matthíasi Bjarnasyni og Magnúsi H. Magnússyni.

Á eftir 3. mgr. komi svohljóðandi

Ákvæði til bráðabirgða.

1. Á fjárlögum fyrir árið 1983 skal greiðslufyrirkomulag samkvæmt 1. gr. aðeins gilda fyrir Fjórðungssjúkrahúsið á Akureyri, auk ríkisspítalanna, meðan verið er að kanna reynsluna af breyttu greiðslufyrirkomulagi.
2. Þegar skal lagfæra ágalla á gildandi daggjaldakerfi, m. a. með því að fjölga reiknilíkön-um til samræmis við starfsemi stofnana. Einnig skal setja reglur um samræmt bókhald fyrir öll sjúkrahús og aðrar stofnanir sem undir daggjaldakerfið falla eða eru á fjárlögum.
3. Heilbrigðisráðherra skal láta fara fram heildarendurskoðun á gildandi greiðslufyrirkomulagi með það að markmiði að kanna hagkvæmustu framtíðarskipulagningu á greiðsluformi, og skal leggja tillögur þar að lútandi fyrir næsta Alþingi.